

ÁRSSKÝRSLA
SÝSLUMANNSINS Á AKRANESI
ÁRIÐ 2004

AKRANES JÚLÍ 2004

I. INNGANGUR.

Gerð þessarar ársskýrslu sýslumannsins á Akranesi er í samræmi við erindisbréf hans frá 23. mars 1999 og samningum dómsmálaráðuneytisins og sýslumannsins á Akranesi um rekstur embættisins frá 23. mars 1999 og 9. júní 2004. Um er að ræða fjórðu ársskýrsluna samkvæmt árangursstjórnunarsamningum við dómsmálaráðuneytið en fyrsta ársskýrslan var gerð á árinu 2002 vegna ársins 2001. Af sama meidi er langtímaáætlun sýslumannsins á Akranesi fyrir árin 2000 til 2003, sem dómsmálaráðuneytið samþykkti 20. febrúar 2001. Gerð nýrrar langtímaáætlunar fyrir embættið hófst ekki fyrr en í lok ársins 2004 og gildir frá árinu 2005 til fjögurra ára.

Við gerð þessarar ársskýrslu er stuðst við ársskýrslu hliðsettra embætta svo sem sýslumannsins í Hafnarfirði fyrir árið 1999 og sýslumannsins í Stykkishólmi fyrir árin 2000 og 2001; bæði hvað varðar val á efni til birtingar og framsetningu þess. Einng er farið í sama farveg og markaður var með fyrri ársskýrslum embættisins vegna áranna 2001-2003. Er það gert til stuðla að samræmi í ársskýrslum embætta sýslumanna og innan embættis sýslumannsins á Akranesi þannig að þær nýtist til samanburðar á milli ára og áætlunargerðar í framtíðinni. Áfram er haldið á þeirri braut sem mörkuð var í ársskýrslu fyrir árið 2003 að auka umfjöllun um þá tölfræði sem birtist í ársskýrslu embættisins í því skyni að draga að henni ályktanir sem nýta má í áætlunargerð til framtíðar.

Burðarásinn í ársskýrslum embættisins eru tölulegar upplýsingar um starfsemi embættis sýslumannsins á Akranesi með hliðsjón af settum markmiðum í langtímaáætlun embættisins vegna áranna 2000 til 2003 og árangri embættisins á ýmsum sviðum. Sökum þess hversu seint gildandi langtímaáætlun embættisins var tilbúin nær hún ekki til ársins 2004 en engu að síður til hennar horft við uppgjör á starfsemi embættisins.

Stjórnsýsluumdæmi sýslumannsins á Akranesi er sveitarfélagið Akraneskaupstaður. Íbúafjöldi sveitarfélagsins var 1. desember 2004 var 5657 íbúar og er um 1,3% fjölgun íbúa að ræða á milli ára¹. Íbúatala umdæmisins hefur verið að síga upp á við og þegar litið er til talna síðustu ára kemur fram eftirgreind þróun í fjölgun íbúa í umdæminu:

- 1. desember 1996 voru íbúar 5.074,
- 1. desember 1997 voru íbúar 5.127,
- 1. desember 1999 voru íbúar 5.342 ,
- 1. desember 2000 voru íbúar 5.420,
- 1. desember 2001 voru íbúar 5.517,
- 1. desember 2002 voru íbúar 5.590
- 1. desember 2003 voru íbúar 5.588.

Við fjölgun íbúa má búast við aukningu í málafjölda embættisins. Á árinu 2004 voru allmargar nýjar íbúðir í byggingu í umdæminu sem eykur líkindi á íbúafjölgun til lengri tíma litið auk þess sem skipulag og gatnagerð á vegum sveitarfélagsins í nýjum hverfum gera ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum.

Á árinu 2004 var eftirspurn meiri en framboð af lóðum til nýbygginga í bænum og varð að varpa hlutkesti við úthlutun þeirra til umsækjenda.

¹ Upplýsingar sóttar á heimasíðu Hagstofunnar á vefslóðinni <http://hagstofa.is/?pageid=624&src=/temp/mannfjoldi/sveitarfelog.asp>

Litlar breytingar urðu a starfsemi embættis sýslumannsins á Akranesi á árinu 2004 og er starfsemin í föstum skorðum. Lítil velta er á starfsfólki sem þýðir að mannauðurinn helst innan stofnunar en á móti má segja að hæfileg starfsmannavelta sé af hinu góða og til þess fallin að ýta undir breytingar í starfseminni. Embættið leitast við að veita góða þjónustu og gefur gaum að þeim athugasemdum sem því berst varðandi atriði sem betur má fara í starfsemi þess.

II. HLUTVERK SÝSLUMANNSINS Á AKRANESI OG VERKEFNI.

Sýslumaðurinn á Akranesi fer með stjórnarsýslu ríkisins í umdæminu eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um sjá einkum lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði nr. 92/1989 sbr. lög nr. 15/1998.

Aðalviðfangsefni embættisins greinast í eftirfarandi þætti:

- i) Lögreglustjórn og meðferð ákærvalds.
- ii) Innheimta tekna og gjalda ríkissjóðs.
- iii) Almenn umboðsstörf, s.s. þinglýsingar, aðfarargerðir, nauðungarsölur, sifjamál, dánarbú, störf yfirlögráðanda o.fl.
- iv) Meðferð tollamála og tollgæsla.
- v) Önnur verkefni ótalin lögum samkæmt s.s. umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins á sviði almannatrygginga, útgáfa ýmissa leyfa, skírteina og vegabréfa, skipun landskiptanefnda o.fl.

Eins og fram hefur komið eru verkefni sýslumanna bundin í lögum. Tilfærsla verkefna til og frá embættinu er því háð afstöðu löggjafans. Síðustu ár hefur tilhneigingin verið sú að auka verkefni embættanna og má þar nefna ákærvald í málaflökkum sem ríkissaksóknari átti áður ákærvald í, úrskurðir á sviði barnaréttar, ákvarðanir yfirlögráðanda, starfsmannaráðningar og kjaramálefni þ. m. t. stofnanasamningar skv. aðlögunarnefndarsamningum. Útgáfa vegabréfa og ökuskrírteina hefur verið færð frá embættinu til Útlendingaeftirlitsins og Ríkislögreglustjórans en viðtaka umsókna og innfærsla þeirra í viðkomandi tölvukerfi er enn í höndum embættisins. Útgáfa vínveitingarleyfa var með tilkomu nýrra áfengisлага færð frá embættunum til sveitarstjórna en eftirlit með vínveitingarhúsum var fært frá sérstökum eftirlitsmönnum til lögreglu auk þess sem sýslumenn hafa umsjón með framlagningu bankaábyrgða vegna útgáfu áfengisveitingaleyfa.

Embættið er vottunaraðili vegna rafrænna undirskrifta en sú starfsemi hófst á árinu 2003.

Allnokkur umræða var á árinu 2003 um endurskoðun skipan löggæslumála í landinu og var skipaður vinnuhópur af hálfu ráðuneytisins haustið 2003 til að leggja fram tillögur til breytingar á skipun löggæslumála í landinu. Í árslok 2004 voru ekki komnar fram tillögur frá vinnuhópnum en vinna hans var þá langt komin og drög komin fram að skýrslu um nýskipan lögreglu.

Á aðalfundi Sýslumannafélags Íslands í Vestmannaeyjum september 2004 áréttaði ráðherra þá afstöðu sína að sýslumönnum yrði ekki fækkað við breytingar á skipan lögreglunnar líkt og fram kom á aðalfundi félagsins á árinu 2003. Hinsvegar þyrftu ekki allir sýslumenn að vera lögreglustjórar þannig að fækka mætti lögregluumdæmum án þess að fækka sýslumönnum.

III. PRÓUN BYGGÐAR OG ATVINNUMÁL.

Í langtímaáætlun embættisins 2000-2003 var lýst ákveðinni þróun á byggðar- og atvinnumálum sem framundan var í kaupstaðnum. Stækkun álversins á Grundartanga hafði í för með sér fjölgun starfa sem leiddi til fjölgunar íbúa á Akranesi en stækkuninni var lokið og 1999 og áhrif hennar voru að fullu komin fram á árinu 2002. Stækkun sú var úr 60.000 tonnum í 90.000 en á árinu 2004 hófst stækkun verksmiðjunnar 90.000 tonnum upp í 180.000 tonn. Í árslok ársins 2003 lá fyrir að Norðurál hafði náð samningum um orkukaup til stækkunar á verksmiðjunni en auk þess voru komin fram áform um byggingu rafskautaverksmiðju við Katanes. Hvorutveggja mun leiða af sér fleiri atvinnutækifæri á Vesturlandi. Framkvæmdum við stækkunina hefur miðað vel áfram og eru allar líkur á að áætlanir um stækkunina gagni eftir. Bygging verksmiðjunnar á Katanesi hófst hisvegar ekki á árinu 2004.

Önnur atvinnustarfsemi er tiltölulega stöðug og ekki hefur orðið veruleg breyting þar á þrátt fyrir auknar kröfu um hagræðinu og arðsemi af fyrirtækjum í atvinnurekstri. Í lok ársins 2003 eignaðist Grandi hf í Reykjavík meirihluta í útgerðarfélaginu Haraldur Böðvarson hf á Akranesi. Starfsemi félagsins á Akranesi á árinu 2004 var með svipuðum hætti og verið hafði fyrir sameiningu félaganna og ekki merki um verulegar breytingar á starfsemi þess.

Líkt og á suðvesturhorninu var þensla á fasteignamarkaðinum á Akranesi á árinu 2004 og fasteignaverð hækkaði sbr. hækkun fasteignamats á svæðinu 1. desember 2004². Fyrir vikið hefur orðið þensla í byggingu íbúðahúsnæðis í umdæminu. Reikna má með að fjölgun íbúa á Akranesi verði aðeins meiri á árinu 2005 heldur en á árinu 2004 en fólksfjögun á árinu 2004 var meiri en á árinu 2003. Mest er um framkvæmdir í svokölluðu Flatahverfi norðanmegin í kaupstaðnum en það hverfi er nýtt. Á árinu 2004 var úthlutað til verktaka svokölluðu Skagaverstúni til bygginga á íbúða- og verslunarhúsnæði, þar á meðal tvær tíu hæða íbúðablokkir. Á árinu hófust einnig framkvæmdir í miðbæ Akraness á svokölluðum Hvítanesreit en þar verður byggt húsnæði fyrir íbúðir og verslun.

IV. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR.

Embættið hefur til afnota hluta af tveimur fasteignum, annarsvegar hluti hússins nr. 16-18 við Stillholt fyrir aðalskrifstofu og hinsvegar hluti hússins nr. 13 við Þjóðbraut fyrir lögreglustöð. Báðir fasteignahlutarnir eru í eigu Fasteigna ríkissjóðs og leigir embættið af þeirri stofnun fasteignirnar. Viðhald fasteignana er því á hendi Fasteigna ríkissjóðs en þar sem húsnæðið er tiltölulega nýlegt þá er enn ekki komin veruleg viðhaldsþörf á það. Vegna breytinga á rými Áfengisverslunarinnar ríkisins á Þjóðbraut 13 sem liggur að lögregluhluta hússins mun rými lögreglunnar stækka um nokkra tugi fermetra sem nýtist sem geymslupláss.

Meðal annars vegna umboðs embættisins fyrir almannatryggingar þarf aðgengi fatlaðra að aðalskrifstofu að vera gott. Aðgengi þeirra hefur verið bætt á síðustu árum og eru 2 bílastæði sérmerkt fyrir fatlaða næst inngangi hússins. Afliðandi kantur er af bílastæðunum og upp á gangstétt fyrir framan húsið. Lyfta er í húsinu en einna helst má setja út á hurð út á sameignina sem faratálmi fyrir fatlaða.

Sólarfilmur voru settar í alla glugga á suðurhlið skrifstofuhúsnæðisins að Stillholti 16-18 til þess að tálma of hátt hitastig og til að tryggja viðunandi loftræstingu á vinnustaðnum. Leigusali greiddi kostnað af þeirri framkvæmd.

² Sjá vef Fasteignamats ríkisins á vefslóðinni <http://www.fmr.is/template19.asp?PageID=203>

Rúmt er um starfsemina og skrifstofubúnaður vel útlítandi. Tölvur á embættinu voru endurnýjaðar í lok árs 2003 og byrjun árs 2004 þar með talinn netþjónn embættisins auk þess sem flutningsgeta víðnetsins var aukin verulega sem þýðir betri svartími. Annar skrifstofubúnaður, svo sem ljósritunarvélur, er í tiltölulega góðu ástandi og ekki komin knýjandi endurnýjunarþörf á hann.

Við kaup á skrifstofubúnaði hefur þess verið gætt að framleiðandi þeirra hafi viðurkennda umhverfisvottun og að búnaðurinn hafi hátt endurnýtingarhlutfall í samræmi við umhverfisstefnu ríkisins. Við kaup á stærri skrifstofuvélum hefur verið reynt að setja eldri tæki upp í ný. Rammasamningar ríkiskaupa við birgja hafa verið virtir við innkaup á embættið á árinu 2004.

V. STARFSMENN.

Á árinu 2004 voru starfsmenn embættisins 25. Skiptust þeir þannig að á skrifstofu störfuðu 11 starfsmenn í 11 stöðugildum og við löggæslu störfuðu 12 starfsmenn í 11 stöðugildum en að auki er starfa tvær konur í hlutastarfi við ræstingar á embættinu. Tveir löglærðir fulltrúar starfa við embættið en þar af er annar launaður staðgengill sýslumanns. Einn af lögreglumönnum við embættið var settur á dagvaktir skv. beiðni hans en til þess stendur réttur hans eftir að hafa náð 55 ára aldri að vera undanþeginn næturvöktum. Honum hafa verið falin sérverkefni á sviði boðunar og birtinga ýmiskonar. Allir lögreglumenn sem fastráðnir eru við embættið hafa lokið námi frá Lögregluskóla ríkisins og hefur þar með náðst það markmið sem sett var fram í langtímaáætlun.

Starfsmannastefna embættisins er meðal annars fólgin í því að embættið gerir kröfur til starfsmanna sinna, jafnt sem stjórnenda, um heiðaleika, þjónustulund, vandvirkni, skilvirki og samræmi í vinnubrögðum. Embættið kemur á móti fram við starfsmenn sína af hreinskilni, með virðingu og sanngirni.

Þessi atriði er erfitt að mæla í öðru en viðhorfum fólks til embættisins og starfsmannaveltu. Kvartanir vegna ófullnægjandi þjónustu voru innan við 10 á árinu 2004 sem er svipað og árið á undan.

Nauðsynlegt er að starfsfólk fái tækifæri til þjálfunar og endurmenntunar, sérstaklega á sviði tölvumála. Lögregluskóli ríkisins og ríkisbókhald, ásamt námskeiðum fyrir starfsfólk í SFR hafa staðið fyrir slíkri endurmenntun með allgóðum árangri. Við innleiðingu á Oracle kerfi í bókhalds og mannauðskerfi var hrundið af stað námskeiðum til að kenna starfsmönnum á hinn nýja hugbúnað. Af allt öðrum toga var ákveðið gefa starfsmönnum á aðalskrifstofu kost á að sækja skyndihjálparnámskeið á vegum Rauðakrossins og tóku allir starfsmenn þátt í því. Tilefnið var tvö tilvik á árinu 2003 þar sem viðskiptavinir fengu aðsvif í afgreiðslusal embættisins.

Á árinu 2002 var ákveðið að huga að heilsuvernd starfsmanna og fengnar hjúkrunarkonur frá Saga Spa til að framkvæma heilsufarsskoðun á starfsfólkinu og bjóða því upp á bóluefni við influensu. Tekin var stutt heilsufarsskýrsla í upphafi af hverjum og einum og niðurstöður skoðunar voru skráðar. Framtakið mæltist vel fyrir og nánast allir starfsmenn embættisins tóku þátt. Í kjölfarið var lagt fyrir starfsfólk lögreglu skoðunarkönnun um heilsufarsmálefni og áfallahjálp sem leiddi til úrbóta. Framhald var á heilsuvernd starfsmanna á árinu 2004 líkt og á árinu 2003 þannig að sömu hjúkrunarfræðingar komu til að fylgja eftir heilsueftirliti ársins á undan og höfðu þá til hliðsjónar niðurstöður af eftirliti árin á undan. Kannað var hvernig til hafði tekist.

Þátttaka var góð líkt og árið á undan og er ljóst að þessi þáttur er kominn til að vera. Þrýstingur hefur aukist á yfirmenn stofnana að láta sig varða um heilsuvernd og líkamsrækt starfsmanna sinna.

Á árinu 2004 var ákveðið að taka þátt í kostnaði af heilsurækt starfsmanna í því formi að niðurgreiða gjald í líkamsrækt svo sem árskort í sund og þrek, gjald í leikfimi og fleira. Hefur það framtak mælst vel fyrir meðal starfsmanna.

Á árinu 2004 var tilnefndur öryggistrúnaðarmaður á embættinu til þess að tryggja aðbúnað og starfsumhverfi starfsmanna í samráði við Vinnueftirlit ríkisins. Auk þess var settur upp búnaður í afgreiðslu til þess að gera viðvart verði þar uppistand. Raflæsing var sett á starfsmannainngang og umferð um hann skráð í gagnagrunn.

VI. UPPLÝSINGAMIÐLUN.

Til þess að allir starfsmenn embættisins vinni að sameiginlegum markmiðum þurfa þeir að vita hvernig staðan er hverju sinni. Samkvæmt langtímaáætlun var stefnt að reglulegum fundum starfsmanna til þess að auka upplýsingaflæðið.

Fundað er með starfsmönnum embættisins um tilfallandi málefni og almennt eftir því sem ástæða er til. Samgangur undir- og yfirmanna er mikill og málin útkjád yfirleitt um leið og þau koma upp á minna formbundinn hátt en með fundum. Formbundnir fundir með öllum starfsmönnum embættisins með tilkynntri dagskrá voru tveir á árinu. Samskipti sýslumann við starfsmenn á aðalskrifstofu og yfirlögregluþjón eru dagleg.

Nokkurt óhagræði er af þeirri tilhögun að embættið er rekið á tveimur stöðum í bænum í þeirri mynd að bil myndast á milli þeirra starfsmanna sem annarsvegar starfa á aðalskrifstofu og hinsvegar á lögreglustöð. Yfirlögregluþjónn hefur komið á reglulegum varðstjórafundum og fundum með öllum lögreglumönnum. Að auki var haldið seminar með yfirmönnum lögreglu í desember til þess að marka starfseminni stefnu til framtíðar og afraksturinn af því var stefnumótun og markmiðasetning fyrir árið 2005. Tekin var upp sú nýbreytni að prenta stefnumótunarskjalið fyrir árið 2005 til að það verði aðgengilegt og handhægt allt árið um kring en vinnan við gerð stefnumótunar fór fram í árslok 2004.

VII. SAMSTARF VIÐ ÖNNUR EMBÆTTI.

Embætti sýslumannsins á Akranesi hefur átt samstarf við lögregluembættin á Vesturlandi og í Reykjavík um löggæsluverkefni í og við umdæmi lögreglunnar á Akranesi.

Samstarf lögreglunnar á Vesturlandi á árinu 2004 var aðallega á sviði umferðarlöggæslu. Samstarf er við lögregluliðin á Vesturlandi og í Reykjavík. Áætlanir eru gerðar að vorlagi um tilhögun samstarfs og afrakstur metinn í vetrarbyrjun. Þess utan er margháttað samstarf á milli embættanna þannig að yfirlögregluþjónar hafa sammælt um aðgerðir í tengslum við afmörkuð mál auk þess sem lögreglan á Akranesi fer í umferðareftirlit á þjóðvegum nærri bænum þegar rólegt er á Akranesi. Í lok árs 2004 voru sértækir samningar í undirbúningi milli lögreglunnar í Reykjavík og á Akranesi sem miða að því að skerpa áherslur í samstarfi liðanna með gagnkvæma aðstoð í huga.

Í fíkniefnamálum hefur embættið haft samstarf við lögregluna í Reykjavík, fíkniefnadeild og fengnir þaðan bæði menn og hundar til aðstoðar við fíkniefnaleit. Einnig hefur verið samstarf við tollgæsluna í Reykjavík um leitir í skipum og eru fengnir hundar til leita frá tollinum.

Samráð hefur verið haft við lögregluna í Borgarnesi varðandi fíkniefnamál á svæðinu en ljóst er að sömu aðilar koma við sögu í báðum umdæmum. Á árinu 2004 var þjálfaður fíkniefnahundur á vegum lögreglunnar í Borgarnesi og hefur lögreglunni á Akranesi boðist aðstoð hans við leitir í umdæminu. Aðgengi að upplýsingum á báðum stöðum hefur batnað með tímanum. Lögreglan á Akranesi vinnur áfram að því að tileinka sér nýjungar við rannsóknir fíkniefnamála sem leitt hefur til betri árangurs. Embættið mun áfram leggja sitt af mörkum til að styðja við þróun samstarfs við lögregluliðin í landinu.

VIII. JAFNRÉTTISMÁL.

Samkvæmt langtímaáætlun var stefnt er að því að starfsemi embættisins henti jafnt konum sem körlum og stefnt er að jafnri stöðu kynjanna í hvívetna. Æskilegt er að til starfa við embættið veljist jafnt konur sem karlar. Á aðalskrifstofu starfa 12 starfsmenn, þar með talið við ræstingar, en þar af eru 10 konur. Á lögreglustöðinni starfa 13 starfsmenn en þar af eru 2 konur. Af 12 lögreglumönnum sem starfa við embættið er 1 kona. Þess ber þó að geta að ein kona starfaði í sumarafleysingu innan lögreglunnar á Akranesi. Engin kona sótti um lausa stöðu lögreglumanns við embættið á árinu 2004.

Eins og áður sagði þá hafa litlar mannbreytingar orðið á árinu 2004 og kynjahlutfall er það sama og verið hefur frá 1999.

Embættið mun áfram starfa að þessum málum í samræmi við þá stefnumörkun sem fram kemur í langtímaáætlun embættisins og skýrslu nefndar um bætt stöðu kvenna innan lögreglunnar til dómsmálaráðuneytisins 1997.

IX. UMHVERFISMÁL.

Í febrúar 1997 voru samþykktar í ríkisstjórn tillögur umhverfisráðherra um umhverfisstefnu í ríkisrekstri í samræmi við samþykktir Efnahags- og framfarastofnunar OECD frá mars 1996. Embættið setti sér það markmið í langtímaáætlun að leitast við að fylgja tillögunum með því að móta heildarumhverfisstefnu varðandi pappírnotkun, umbúðarnotkun, endurnýtingu.

Endurnýting er verulega háð stefnu sveitarfélagsins í flokkun á úrgangi og möguleikum á endurnýtingu sem þau bjóða upp á. Sú breyting varð á árinu 2000 að sorp frá Akraneskaupstað er ekki lengur flutt til Sorpu heldur er það urðað í Fíflholti í Borgarfjarðarbyggð. Færri möguleikar eru því til endurvinnslu á sorpi eins og staðan er nú án verulegs tilkostnaðar. Pappi er fluttur í safngáma á pappa en ekki er boðið upp á endurvinnslu skrifstofupappírs. Miðað við hversu lítið magn fellur til af pappír við embættið er ekki talið svara kostnaði að koma honum á Reykjavíkursvæðið til endurvinnslu og verður því pappírnum áfram komið í almenna sorpgáma eftir að hafa farið í gegnum pappírstætara. Ef nýir möguleikar opnast á endurvinnslu verða þeir möguleikar kannaðir.

Á árinu 2004 var farið eftir þeirri stefnu sem boðuð er um umhverfisvæn innkaup sem umhverfisráðuneytið boðaði til og var t.d. leitað eftir upplýsingum um umhverfisvottun við kaup á skrifstofuvélum og endurnýtingarhlutfall.

X. REKSTRARKOSTNAÐUR.

Embætti sýslumannsins var Akranesi hefur verið rekið á síðustu árum innan ramma fjárlaga og skilað allnokkrum afgangi. Á árinu 2004 fór embættið fram úr fjárheimildum þess árs og var tekjuhallinn kr. 3.5 millj. Uppsafnaður afgangur af fjárheimildum árána á undan lækkar sem því nemur og hefur rekstrarhallinn því engin áhrif á starfsemi embættisins á árinu 2005. Ljóst er að starfsemi embætta sýslumanna taka sveiflum í efnahag og þeim mun meiri eftir því sem embættin eru minni. Í því skyni að mæta þeim sveiflum nýtur embættið þess að hafa átt afgang af fjárheimildum á síðustu árum.

Rekstraráætlanir embættisins síðustu ára hafa verið í samræmi við þróun útgjalda og frávík ekki veruleg. Embættið mun leitast við að halda útgjöldum niðri og starfa innan ramma fjárlaga.

Hér að neðan er gerð grein fyrir rekstrarkostnaði embættisins frá 1996 talið í milljónum króna:

Ár.	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Útgjöld.	78.3	82.5	98.1	99.5	99.3	107.1	129.2	137,4	147,4

Hækkanir á milli árána 2003 og 2004 skýrast fyrst og fremst af því að annað stöðugildi löglærðs fulltrúa var mannað seint á árinu 2003 en sú staða hafði ekki verið mönnum frá árinu 1997. Á árinu 2004 bættist þar af leiðandi við launakostnaður til heils árs af þeim fulltrúa sem skýrir verulegan hluta hækkunarinnar. Einnig var sett upp nýtt viðvörunarkerfi á aðalskrifstofu embættisins sem kostaði rúmlega eina milljón króna með uppsetningu. Að öðru leyti skýrist hækkunin að mestu á lögbundnum launahækkunum.

Fjárlagahalla fram til ársins 2000 er ekki lengur fyrir að fara. Fjárheimildir embættisins voru endurskoðaðar á árinu 1999 þannig að nýr grunnur var ákvarðaður í fjárlögum fyrir árið 2000. Embættið hefur frá þeim tíma verið rekið innan fjárheimilda og fram til ársins 2004 skilaði tekjuafgangi sem flyst á milli ára. Fjárheimildir embættisins eru nú svipaðar og fjárheimildir embætta af sömu stærð.

Rekstraráætlun embættisins fyrir árið 2004 stóðst að meginhluta til þegar á heildina er litið. Samkvæmt rekstraráætlun var heildarkostnaður áætlaður kr. 145.630 þúsund,- en varð kr. 147.446 þúsund,- samkvæmt uppgjöri ársins 2004. Frávík frá rekstrarákætlun var því 1,24% sem verður að teljast nokkuð góður árangur en á árinu á undan var frávikið innan við 1% á heildina. Innan rekstrarliða innan viðfanga eru

allnokkrar sveiflur þegar horft er til áætlana og er ljóst að embættið þarf að fara betur yfir hverja einstaka liði til að sjá fyrir þær sveiflur sem verða í útgjöldum þess sem og niðurbrot áætlana niður á mánaðagrunn.

Loks er í þessum kafla skýrslunnar yfirlit yfir rekstrarkostnað embættisins árin 2003 og 2004 og áætlun fyrir árið 2005, annars vegar fyrir embættið í heild og hins vegar skipt niður á viðföngin yfirstjórn og löggæslu.

Embættið í heild:

Fjárhæðir í millj.kr.	Raun. 2003	Raun. 2004	Áætlun 2005
Laun	117.795	127.097	128.379
Önnur rekstrargjöld	20.373	20.521	20.448
Eignakaup	1.451	1.821	1,200
Sértekjur til frádráttar	-2,053	-1.993	-1,800
Mismunur	137.466	147.446	148.227

Yfirstjórn:

Fjárhæðir í millj.kr.	Raun. 2003	Raun. 2004	Áætlun 2005
Laun	43.832	49.101	50.064
Önnur rekstrargjöld	7.905	8.045	8.097
Eignakaup	1.101	1.047	800
Sértekjur til frádráttar	-271	-161.	0
Mismunur	52.567	58.032	58.961

Löggæsla:

Fjárhæðir í millj.kr.	Raun. 2003	Raun. 2004	Áætlun 2005
Laun	73.963	77.996	78.315
Önnur rekstrargjöld	12.370	12.475	12.351
Eignakaup	350	774	400
Sértekjur til frádráttar	-1,783	-1.831	1.800
Mismunur	84.900	89.414	89.266

XI. STARFSEMIN.

XI.1. Leiðarljós.

Embættið hefur sett sér eftirgreind meginsjónarmið að leiðarljósi í starfsemi sinni:

1. Embættið mun eftir bestu getu leitast við að uppfylla lagaskyldu og önnur fyrirmæli sem um starfsemina gilda.

2. Embættið mun leggja áherslu á að veita þeim aðilum sem til þess leita góða og árangursríka þjónustu á eins skjótvirknan hátt og kostur er.
3. Embættið mun haga rekstri á sem hagkvæmastan hátt.

XI.2. Meginmarkmið.

Í samræmi við framgreind meginsjónarmið sem höfð eru að leiðarljósi hefur embættið sett sér eftirfarandi meginmarkmið.

1. Að tileinka sér þau vinnubrögð og notkun þeirrar tækni sem best er til þess fallin að viðhalda og auka skilvirkni í starfi.
2. Að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu.
3. Að stemma stigum við afbrotum og umferðarslysum með öflugu forvarnar- og eftirlitsstarfi.
4. Að vinna að uppljóstrun afbrota.
5. Að leggja áherslu á að veita þeim aðilum sem til embættisins leita góða þjónustu.
6. Að leggja áherslu á að úrlausnir mála gangi sem hraðast.
7. Að innheimta tekna ríkissjóðs verði sem skilvirkust.
8. Að embættið verði rekið á sem hagkvæmstan hátt og innan marka fjárheimilda.
9. Að móta starfsmannastefnu innan embættisins.

XI.3. Deilimarkmið.

Deilimarkmiðin eru sett fram á grundvelli meginmarkmiða. Deilimarkmiðið skal uppfylla þær skyldur að vera mælanlegt takmark sem lýsir lokaárangri tiltekins verkefnis eða þjónustu innan ákveðinna tímamarka. Hér á eftir greinir stöðu og árangur af einstökum deilimarkmiðum.

Deilimarkmið 1.

Innfærsla á þinglýsingarluta í Landskrá fasteigna.

Í langtímaáætlun embættisins var sett fram sem markmið að færa þinglýsingar á fasteignum í umdæminu inn á tölur þannig:

Fyrir árslok 2000 verði lokið við að færa 25% fasteigna í þinglýsingarhlutann.

Fyrir árslok 2001 verði lokið við að færa 50% fasteigna í þinglýsingarhlutann.

Fyrir árslok 2002 verði lokið við að færa 75% fasteigna í þinglýsingarhlutann.

Fyrir árslok 2003 verði lokið við að færa 100% fasteigna í þinglýsingarhlutann þ.m.t. svokölluðum vandræðaeignum þar sem þinglýsingum og stofnskrá ber ekki saman.

Innfærsla þinglýsingabóka embættis sýslumannsins á Akranesi inn í gagnagrunn Landskrár fasteigna er nánast lokið með því að 96% allra fasteigna í umdæminu hafa verið færðar inn í kerfið. Eftir standa örfáar eignir þar sem misræmis gætir á milli skráningar í fasteignamati og þinglýsingabóka. Embættið hefur verið í farabroddi sýslumannsembætta við framkvæmd þessa verkefnis og lagt sig fram um að tileinka sér þessa nýju tækni. Afgreiðsla veðbókavottorða hefur verið einfölduð og eru afgreidd af gjaldkera sem jafnframt móttekur greiðslur fyrir vottorðin án aðkoma starfsmanns í þinglýsingardeild. Á embættum sýslumanna er nú hægt að fá veðbókarvottorð fyrir eignir í öðrum umdæmum séu eignirnar færðar í þinglýsingahluta Landskrár fasteigna.

Embættið hóf skráningu á fasteignum inn í Landskrá fasteigna síðar en til stóð eða í mars á árinu 2001. Deilimarkmið um að fyrir árslok árið 2000 væri búið að færa inn 25% eigna náðist því ekki. Á árinu 2001 voru færðar inn og yfirfarnar um 75% fasteigna í umdæminu sem er árangur langt umfram áætlanir. Fyrir vikið batnaði

Þjónusta embættisins þar sem veðbókarvottorð eru afgreidd jafnóðum og þau eru pöntuð ef um tölvufærða eign er að ræða. Á árinu 2002 var haldið áfram á sömu braut og var nánast lokið að færa inn allar þær eignir á árinu sem mögulegt var án lagfæringa. Það sem eftir stóð voru svokallaðar misræmiseignir þar sem þinglýsingarbók embættisins samræmdest ekki að fullu skráningu fasteigna í fasteignamati. Á árinu 2002 var hafist handa við að samræma þessar tvær skrár með samvinnu við umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins og byggingafulltrúa Akraneskaupstaðar enda stefnt að 100% innfærslu þinglýsingabóka í Landskrá fasteigna. Þeirri vinnu var síðan haldið áfram á árinu 2003 og náðist verulegur árangur í skráninga misræmiseigna sem hafði í för með sér fjölda leiðrétting auk þess sem fjöldi innfærðra eigna jókst og var í árslok yfir 90%. Allar nýjar eignir sem stofnaðar eru í umdæminu eru stofnaðar í Landskrá fasteigna án viðkomu á svokölluðum þinglýsingarspjöldum og má með sanni segja að innfærslu þinglýsingabóka í kerfið sé lokið.

Deilimarkmið 2

Bætt innheimta opinberra gjalda.

Í langtímaáætlun embættisins var stefnt að því að bæta almennt innheimtu allra opinberra gjalda. Til einföldunar voru valin þrjú deilimarkmið sem töldust vera lýsandi fyrir meginmarkmiðið. Tölur sem markmiðasetningin byggði á voru prósentuhlutfall af álögðu innheimtu fé. Í öllum tilvikum skyldi miðað stöðuna 1. janúar árið eftir álagningarárið og eingöngu tekin þau gjöld sem álögð voru á árinu fyrir mælinguna. Mæling á árangri innheimtunnar í landinu er mæld reglulega af þjónustudeild Tollstjórans í Reykjavík.

Fallið er frá ofangreindu markmiði þar sem breytingar urðu á skattaumhverfinu, þ.e. stórauknar áætlanir skatta þ.m.t. virðisaukaskatts auk breytinga á álagningu og gjalddögum opinberra gjalda gerði það að verkum að samanburðurinn gekk ekki eftir. Til þess að hafa þó markmið á þessu sviði var ákveðið að fylgjast vel með yfirlitum þeim sem Tollstjórinn í Reykjavík gefur út yfir innheimtuárangur og þess gætt að innheimtuárangur embættisins væri yfir meðaltalsinnheimtuárangri. Það markmið hefur gengið eftir.

Á árinu 2004 var tekið upp það fyrirkomulag að sýslumaður kemur fyrr inn í vanskilainnheimtu þegar um stærri gjaldendur er að ræða og tekur að sér samninga við þá og eftirrekstur. Lögð var áhersla á að knýja á um efndir gjaldenda á samningum þeim sem þeir gera um greiðslur opinberra gjalda og að knýja fram fullnustu með fjárnámum og nauðungasölubeiðnum.

Deilimarkmið 3

Símenntun starfsmanna.

Markmiðið var að 80% starfsmanna embættisins í SFR færu á á símenntunarnámskeið SFR og Sýslumannafélagsins 1. hluta á árunum 2000 og 2001. Árangurinn af þessu markmiði var sá að allir starfsmenn SFR á embættinu fóru á umrætt námskeið og luku námi á vordögum 2001.

Starfsmenn hafa sótt einstök námskeið sem hafa verið í boði og nýtast við framkvæmd starfa þeirra. Tilgangurinn er að auka hæfni þeirra þannig að þeir leysi viðfangsefni sín auðveldlega og faglega. Á árinu 2004 var unnið að uppsetningu á nýju námskeiðsverkefni sem hlotið hefur heitið Járnsíðan. Sýslumannafélag Íslands vinnur að verkefninu ásamt Starfsmennt sem er þjónustuaðili á vegum SFR. Er átlunin að leggja fram námskrá haustið 2005 sem sýslumaður og starfsmaður vinna út

frá við gerð námsáætlunar fyrir hvern starfsmann. Það fyrirkomulag er ætlað að gera námið markvissara þannig að þau námskeið sem eru boðin teljist praktísk og löguð að starfsemi embættanna og þörfum einstakra starfsmanna.

Deilimarkmið 4

Aukinn málshraði opinberra mála að lokinni rannsókn hjá lögreglu.

Markmiðið var að öll mál frá lögreglu á árunum 2001 - 2003 fengju viðeigandi afgreiðslu innan tveggja vikna frá því að þau koma frá lögreglu til afgreiðslu sýslumanns. Afraksturinn var mældur út frá málaskrá lögreglunnar. Málin eru skráð til afgreiðslu sýslumanns þegar rannsókn er lokið og eins er afgreiðsla þeirra hjá sýslumanni skráð um leið og hún er ákveðin.

Í tengslum við ofangreint deilimarkmið var breytt forgangsöröðun sýslumanns þannig að opinber mál yrðu afgreidd eins fljótt og verði mætti eftir að rannsókn er lokið auk þess sem gerðar voru ráðstafanir við útgáfu sektarboða á meðan að sýslumaður tók sumarfrí. Af könnun í málaskrá er ljóst að markmiðið hefur náðst í um 85% tilvika og bætt var úr því að sýslumanni berist málin eins fljótt og verða mátti eftir að rannsókn lögreglu var lokið.

Með fyrirmælum 5/2002 ákvað ríkissaksóknari hámarkstíma málsmeðferðar í líkamsárásarmálum. Á fyrsta yfirliti embættisins eftir útgáfu fyrirmælanna kom fram að rannsóknartími var í flestum málum innan við 50 dagar og eftir að mál var skráð til afgreiðslu hjá sýslumanni voru flest málin afgreidd innan 10 daga en öll voru afgreidd innan 20 dagar sbr. skýrsla til ríkissaksóknara dags. 23/1 2003. Málin voru því afgreidd í samræmi við verklag ríkissaksóknara. Á árinu 2003 var gert enn betur og flest mál voru afgreidd hjá sýslumanni innan 10 daga frá því að rannsókn lögreglu lauk. Þeim málshraða var síðan haldið áfram á árinu 2004. Ennfremur voru flest líkamsárásamálanna afgreidd hjá lögreglu innan 70 daga frá því að kæra barst. Eins og sjá má í tölfræðihluta ársskýrslunnar þá hefur líkamsárásamálum fækkað á milli ára þótt of snemmt er að draga af því ályktanir.

Ávinningurinn er að mál dragast ekki úr hófi og borgarinn fær niðurstöðu innan hæfilegs tíma í þeim málum sem hann varðar. Málin fá skilvirka afgreiðslu, ekki myndast flöskuhálsar í afgreiðslum þeirra og uppsöfnun mála er ekki fyrir að fara. Að auki hefur það meiri varnaðaráhrif ef refsað er fljótlega eftir að hin refsiverða háttsemi var framin.

Deilimarkmið 5.

Forvarnastarf lögreglu við afbrotum barna.

Markmiðið var að lögreglan auki fræðslu í skólunum fyrir nemendur 8, 9. og 10. bekk um 1. klst á vetri á tímabilinu þannig að í lok tímabilsins standi fræðsla yfir í 3 klst á vetri.

Framkvæmdinni var þannig háttáð að verkefnið var falið tveimur lögreglu-mönnum til framkvæmdar en annar þeirra hefur starfað við kennslu. Nálgun þeirra á verkefninu var byggð á svokölluðu DARE námsefni frá lögreglunni í Tallehasse í Flórída en það efni hlaut nafnið ÞOR hér á landi. Verkefnið byggir á að byggja upp sjálfsmynd einstaklings sem tekur sjálfstæðar ákvarðanir um eigin heilsu og gerir upp á milli þeirra tilboða sem hann stendur frammi fyrir.

Á árunum 2001-2004 var unnið við verkefnið í samráði við skólaskrifstofu Akranesbæjar og börnin heimsótt af lögreglu í skólana á skólatíma. Lögð var áhersla á að byggja upp jákvætt samband á milli barnana og lögreglunnar. Ákveðið var að

byrja á verkefninu í 5. bekk grunnskólans og fylgja börnunum síðan upp í gegnum skólakerfið. Stundarfjöldinn er 4 klst. á hverjum vetri en 2-3. klst. hjá eldri krökkunum. Námsefnið er komið inn í verkefni skólans og tekinn frá tími í skólunum til að sinna því. Þor verkefnið var unnið samhliða þeirri grunnfræðslu í skólunum sem lögreglan hefur um skeið unnið að í tengslum við umferðarmál. Á árinu 2004 var Þor verkefnið og umferðarfræðsklab samþætt og einum lögreglumanni falinn umsjón forvarnarstarfs í skólunum. Unnið er að því að Þorverkefnið verði tekið inn í námskrá grunnskólanna og festa það enn frekar í sessi. Ofangreint deilimarkmið hefur því verið náð og ríflega það.

Ávinningurinn er margþættur en sem dæmi má nefna betri tengsl milli lögreglu og ungmenna, minni fíkniefnaneysla yngra fólks og fækkun annarra brota barna og ungmenna. Ljóst var í upphafi að nokkur tími myndi líða þar til árangur erfiðisins kæmi en nú líður að því að fyrstu áragangar verkefnisins nái unglingsárum. Verkefnið hefur mælst vel fyrir í umdæminu og foreldrar og skóli ánægð með framtakið.

Deilimarkmið 6

Skipurit embættisins, starfskipan, verkferlar og frammistöðumat.

Markmiðið var að setja upp heilstætt skipurit fyrir embættið á árinu 2000, skráðir yrðu verklýsingar fyrir hvern starfsmann á árinu 2001, útlistaðir yrðu verkferlar þeirra verkefna sem embættinu er falið að vinna úr á árinu 2002 og unnið yrði að tilhögun um frammistöðumats starfsmanna á árinu 2003.

Drög að skipuriti embættisins liggja fyrir en ekki fullfrágengin. Til eru eldri verklýsingar en á árinu 2004 var ekki farið í að skrifa upp verklýsingar eins og til stóð. Ástæðan er sú að ekki fannst nægilega gott form til þess að vinna út frá og eins lá ekki fyrir nægilega heilstæð stefna til þess að byggja á. Embættið mun þurfa að taka sig á í þessum efnum og vinna betur í uppbyggingu starfsmannamála, þ.m.t. mótun starfsmannastefnu og launastefnu, starfslýsingar, frammistöðumöt og eftir atvikum starfsmannaviðtöl. Skipurit lögreglu liggur þó fyrir en á eftir að fá staðfestingu ráðuneytis.

Deilimarkmið 7

Kostnaður embættisins.

Markmiðið var að útgjöld embættisins yrðu innan fjárlagaheimilda á tímabilinu 2000 til og með árinu 2003 og að frávík frá rekstraráætlun yrðu innan við 2,0% á hverju ári.

Til að ná settu markmiði var lögð aukin vinna í undirbúning og gerð rekstraráætlana og teknar inn sem flestar forsendur er áhrif höfðu á útgjöldin til hækkunar og lækkunar. Rekstraráætlunin var endurskoðuð með tilliti til uppfærslu tvisvar á ári með hliðsjón af verðlags- og kjaraforsendum sem og fjárlagaheimildum en ekki þótti ástæða til að gera verulegar breytingar á upphaflegri áætlun. Árangurinn var mældur með samanburði rekstraráætlana og raunútgjalda í skýrsluhluta Oracle kerfisins og með samanburði fjárheimilda og raunútgjalda í sama kerfi

Á árunum 2002 og 2003 var embættið innan fjárheimilda og tók yfir áramót allnokkrar fjárhæðir í rekstrarafgang. Á árinu 2004 varð halli á útgjöldum miðað við fjárheimildir þess árs sem var þó fyrirséður og gert ráð fyrir honum í rekstraráætlunum. Á grundvelli rammafjárlagagerðar var halli ársins 2004 dregin frá uppsöfnuðum

fjárlagaafgangi embættisins áráanna á undan og er staða embættisins sú að það á ennþá afgang. Frávik frá rekstraráætlun 2004 var innan við 2% hjá lögreglu og á aðalskrifstofu sem verður að teljast nokkuð góður árangur.

Ávinningurinn af deilimarkmiðinu er sá að rekstur embættisins er stöðugur út árið og embættið þarf ekki að grípa til sértækra aðhaldsaðgerðir á hluta árs sem bitna myndi á þjónustustiginu.

XII. TÖLFRÆÐI.

Í þessum kafla er að finna tölulegar upplýsingar um þinglýsingar, aðfarargerðir, nauðungarsölur, sífjamál, dánarbú, lögræðismál, lögbókandagerðir, almannatryggingar og leyfisveitingar.

Ekki eru í ársskýrslunni ýtarlegar upplýsingar um innheimtu ársins 2004 því réttara þykir að vísa til væntanlegrar samantektar tollstjórans í Reykjavík um innheimtu opinberra gjalda á árinu 2004 á öllu landinu þar sem upplýsingarnar eru brotnar upp á innheimtumenn og samanburður gerður á árangri á milli embætta. Slíkur samanburður gefur betri raunmynd af innheimtunni við embættið heldur en upptalning á innheimtu án samanburðar við önnur embætti.

Í G. kafla eru tölulegar upplýsingar um tollamál og í H. kafla tölulegar upplýsingar um lögreglu- og ákærvaldmálefni.

A. Þinglýsingar.

Ár.	2003	2004	Mism.
Heildarfjöldi þinglýstra skjala.	2919	3455	+536
Skráning firma.	0	0	0

Þinglýsingum fjölgaði á árinu 2004 frá árinu 2003 en það ár varð einnig fjölgun. Fjölgunina má rekja til þess að aukning varð á byggingu íbúðarhúsnæðis, umtalsverð sala varð á eldra húsnæði og breytingar urðu á lánamarkaðinum með tilkomu nýrra útlána bankana til fjármögnunar á íbúðarhúsnæði. Uppgreiðslur eldri lána jukust, ný lán tekin í þeirra stað og lánstími lengdur til að létta greiðslubyrði. Í ársskýrslu 2003 var spáð svipuðum fjölda þinglýstra skjala á árinu 2004 og varð 2003 en raunin varð sú að þinglýsingum fjölgaði verulega. Enn er verið að byggja sem leiðir til mikils fjölda skjala til þinglýsingar en lánamarkaðurinn að róast þannig að ekki er gert ráð fyrir því að þinglýsingum fjölgi á árinu 2005 heldur standist í stað.

Þrátt fyrir fjölgun þinglýsinga nær embættið að afgreiða öll skjöl sem því berst til þinglýsingar innan sólarhrings og hefur innleiðing tækninýjunga Landskrár fasteigna haft sitt að segja í þeim efnum.

B. Aðfarargerðir.

Ár.	2003	2004	Mism.
Nýjar beiðnir.	676	753	+ 77
Beiðnum alls lokið.	729	640	- 89
Beiðnum ólokið 31/12	221	334	+113

Fjárnámsbeiðnum fjölgaði á milli árana 2000 og 2001 um 198 beiðnir og sú þróun gengur ekki til baka heldur fjölgar beiðnum um 25 á milli ára 2001 og 2002. Og enn fjölgar beiðnum á milli árana 2002 og 2003 um 55. Loks fjölgar þeim enn frekar á árinu 2004 um 77 stykki þrátt fyrir aukinn kaupmátt, litla verðbólgu og stöðugt gengi íslensku krónunnar. Fjöldi þeirra beiðna sem er ólokið skýrist af beiðnum um frestanir á fyrirtökum af hálfu gerðarbeiðanda sem bendir til meiri vilja og getu gerðarþola til samningsefnda sem eru jákvæð teikn. Engu að síður vekur þessi fjölgun beiðna угг gagnvart þeim sveiflum sem eru fyrirsjáanlegar í efnahagi landsmanna í framtíðinni og benda til þess að aukinnar ráðdeildar í fjármálum heimila og fyrirtækja sé þörf.

C. Nauðungarsölur.

Fasteignir og skip:

Ár.	2003	2004	Mism.
Ný mál.	123	128	+5
Seldar eignir.	15	9	-6
Lokin mál.	124	125	+1
Ólokin mál.	36	40	+4

Lausafé:

Ár.	2003	2004	Mism.
Ný mál.	22	13	- 9
Seldar eignir.	0	0	0
Lokin mál.	23	20	- 3
Ólokin mál.	14	7	- 7

Á árinu 2001 vakti það nokkra athygli vekur að uppboðum fjölgaði ekki að sama skapi og fjárnámum. Sú skýring var sett fram í ársskýrslunni 2001 að reynslan sýndi að verri efnahagur skilaði sér seinna inn í uppboðin heldur en fjárnámin. Vænta mætti fjölgunar uppboða á árinu 2002. Sú skýring gekk eftir því uppboðsmálum fjölgaði umtalsvert á árinu 2002 en athygli vakti að framhaldssölum fjölgaði ekki. Flest nauðungasöllumál eru afturkölluð áður en komið er að framhaldsuppboði. Framhaldssalan er lokaúrræði sem gerðarbeiðendur draga jafnan við sig að beita eins og þeim er frekast unnt. Þróunin á árinu 2003 var fyrirsjáanleg þannig að framhaldsuppboðum fjölgaði verulega á árinu sem er eðlileg miðað við þróun mála í nauðungasöllumálum og aðfarargerðum árin tvö á undan. Á árinu 2004 stóð fjöldi nauðungasöllumála í stað og fjöldi framhaldssala dróst síðan saman á árinu 2004 aftur sem bendir til þess að fleiri ná að vinna úr sínum fjármálum á jákvæðan máta. Engu að síður er ljóst að skuldsetning heimilanna er í allnokkrum tilvikum umfram greiðslugetu og ljóst að fjárhagur má við engum áföllum jafnvel í stöðugu efnahagsástandi eins og nú er.

D. Sifjamál, dánarbú, lögræðismál og lögbókandagerðir:

Skilnaðarmál:

Ár.	2003	2004	Mism.
Ný mál.	21	28	+ 7
Alls til meðferðar.	24	31	+ 7
Afgreidd mál alls.	21	28	+ 7
Óafgreidd um áramót.	3	3	0

Hjónavígslur:

Ár.	2003	2004	Mism.
Hjónavígslur, samtals.	3	4	+ 1

Staðfest samvist.	0	0	0
-------------------	---	---	---

Mál samkvæmt barnalögum:

1. Faðernis- og meðlagsmál:

Ár.	2003	2004	Mism.
Ný mál.	19	18	- 1
Alls til meðferðar.	19	20	+ 1
Afgreidd mál alls.	17	17	0
Óafgreidd um áramót.	2	3	+ 1

2. Almenn meðlagsmál:

Ár.	2003	2004	Mism.
Ný mál.	5	9	+ 4
Alls til meðferðar.	6	11	+ 5
Afgreidd mál alls.	4	11	+ 7
Óafgreidd um áramót.	2	0	- 2

3. Forsjármál:

Ár.	2003	2004	Mism.
Ný mál.	20	21	+ 1
Alls til meðferðar.	24	23	- 1
Afgreidd mál alls.	22	21	- 1
Óafgreidd um áramót.	2	2	0

4. Umgengnismál:

Ár.	2003	2004	Mism.
Ný mál.	11	6	- 5
Alls til meðferðar.	13	11	- 2
Afgreidd mál alls.	8	7	- 4
Óafgreidd um áramót.	5	4	- 1

5. Mál skv. 13. gr. barnalaga (menntunarframlag):

Ár.	2003	2004	Mism.
Ný mál.	3	7	+ 4
Alls til meðferðar.	3	8	+ 5
Afgreidd mál alls.	2	7	+ 5
Óafgreidd um áramót.	1	1	0

6. Mál skv. 15. gr. barnalaga (framlag vegna fermingar o.fl.)

Ár.	2003	2004	Mism.
Ný mál.	8	7	- 1
Alls til meðferðar.	11	9	- 2
Afgreidd mál alls.	9	9	0
Óafgreidd um áramót.	2	0	- 2

Allnokkur fjölgun var í sífjamálum á árinu 2001 miðað við árið á undan. Á árinu 2002 gekk sú fjölgun til baka á nokkrum sviðum t.d. faðernismál og almenn meðlagsmál en aðrir málaflókkar stóðu í stað t.d. skilnaðir. Faðernis- og meðlagsmálum fjölgaði síðan á árinu 2003. Í heildina séð standa gildin nokkuð í stað á árinu 2004 en athygli vekur að skilnaðarmálum fjölgar allnokkuð.

Sífjamál við embættið eru tiltölulega fá í tölfræðilegri merkingu sem þýðir að sveiflur í mála fjölda eru verulegar við tilfærslu á fáum málum. Spurning er í hversu miklum mæli hægt er að draga ályktanir af tölfræði þess málaflökks. Jákvætt er hversu fá mál færast ólokin yfir áramót sem er vísbending um að framvinda mála hjá embættinu sé með ágætum og að sífjamál hafi eðlilegan framgang innan embættisins.

Dánarbú:

Ár.	2003	2004	Mism.
Ný mál.	39	41	+ 2
Alls til meðferðar.	45	53	+ 8
Afgreidd mál.	33	50	+ 17
Óafgreidd mál.	12	3	- 9

Fjöldi dánarbúa var svipaður á árinu 2004 og 2003. Fá mál færast yfir áramót sem segir til um góða skilvirkni í málaflökkinum. Embættið leggur sig fram um að veita aðstandendum upplýsingar um framgang málefni dánarbúa sem leiðir til betri skila á einkaskiptagerðum og erfðafjárskýrslu. Flestum dánarbúum lýkur með einkaskiptum og opinber skipti eru mjög fátíð.

Lögræðismál:

Ár.	2003	2004	Mism.
Skipanir lögráðamanna.	1	1	0
Niðurfelldar skipanir lögráðamanna.	0	0	0
Skipanir lögráðamanna ad hoc.	0	0	0

Fjármunir ómyndugra:

Ár.	2003	2004	Mism.
Ný mál.	10	14	+ 4
Afgreidd mál alls.	10	14	+ 4

Þær afgreiðslur er snúa að fjármunum ómyndugra eru langflestar til komnar vegna kaupa ungmenna á skráningarskyldum ökutækjum þar sem samþykki yfirlögráðanda er áskilið til að fá ökutækið skráð á ungmennið.

Lögbókandagerðir:

Ár.	2003	2004	Mism.
Erfðaskrár.	2	3	+ 1

Kaupmálar.	2	3	+ 1
Önnur skjöl og gerðir.	0	4	+ 4
Alls.	4	10	+ 4
Skráðir kaupmálar.	2	3	+ 1

Lögbókandagerðir felast aðallega í vottun á að tiltekinn aðili hafi undirritað viðkomandi skjöl í návíst lögbókanda eftir að hafa sannað á sér deili. Sýslumenn eru jafnframt lögbókandi en heitið notarius publicus er betur þekkt starfsheiti utan landsteinana.

E. Almannatryggingar.

1. Úrskurðir vegna lífeyristrygginga.

Ár.	2003	2004	Mism.
Úrskurðir.	1853	1341	- 512

2. Greiðslur vegna lífeyristrygginga o.fl.

Ár.	2003	2004	Mism.
Greiðslur vegna lífeyristrygginga, kr.:	532.455.829	548.448.160	+ 15.992.331
Félagsleg aðstoð, kr.:	201.725.457	225.632.866	+ 23.907.409
Slysatryggingar, kr.:	1.593.174	1.350.914	- 242.260
Samtals kr.:	735.774.460	776.431.940	+ 40.657.480

Úrskurðum fækkaði verulega á árinu 2004 miðað við árið á undan þar sem ekki var um að ræða leiðréttingar á árinu 2004 vegna öryrkjadóma árána á undan. Greiðslur á lífeyrissviði hækka lítilega á árinu vegna hækkunar á kaupviðmiðunum en greiðslur fyrir félagsleg aðstoð jukust umfram almennar hækkunar eða um 11,8%.

F. Leyfisveitingar.

Ökuskírteini:

Ár.	2003	2004	Mism.
Umsóknir um ökuskírteini.	668	609	- 59
Útgefin æfingaaksturs- og leiðbeinandaleyfi.	0	0	

Útgefnum ökuskírteinum fjölgaði á milli árána 2002 og 2003 en ekki er alveg ljóst hvað veldur þeirri fjölgun. Námskeið til aukinna ökuréttinda hafa verið nokkur í umdæminu á árinu 2003 en að auki geta viðskiptavinir utan umdæmis sótt um ökuskírteini hjá embættinu. Form á leyfum til æfingaaksturs breyttust á árinu þannig að nú eru ekki lengur gefin úr formleg æfingaleyfi heldur sett inn í akstursbók ökunema heimild til æfingaaksturs að sömu skilyrðum uppfylltum.

Vegabréf:

Ár.	2003	2004	Mism.
Vegabréf.	547	662	115

Breytingar hafa verið gerðar á útliti vegabréfa sem leitt hafa af sér sveiflur í umsóknum enda ávallt nokkur hópur sem endurnýjar við breytt útlit vegabréfa þrátt fyrir að gildistími eldri vegabréfa sé ekki útrunninn.

Skotvopnaleyfi (ný leyfi):

Ár.	2003	2004	Mism.
Skotvopnaleyfi.	52	42	- 10

Fjölgun skotvopnaleyfa á árinu 2002 var tilkomin vegna átaks embættisins í námskeiðahaldi fyrir þá sem vilja öðlast skotvopnaleyfi. Lögreglan hélt 2 námskeið á árinu í góðri samvinnu við skotfélagið á Akranesi og fór aðsóknin að námskeiðunum langt fram úr væntingum. Umsækjendur af öllu Vesturlandi skráðu sig á námskeiðin. Á árinu 2003 var haldið úti námskeiði en aðsókn var minni þar sem uppsöfnuð þörf fyrir námskeið var afgreidd á árinu 2002. Námskeið voru færð til veiðistjóraembættisins vegna ákvörðunar ríkislögreglustjórans á árinu 2003. Umsóknum um skotvopnaleyfi hefur fækkað í kjölfarið.

Ýmis önnur leyfi:

Ár.	2003	2004	Mism.
Eiturleyfi.	1	0	- 1
Hótel.	0	1	+ 1
Gistiskáli.	0	0	0
Gisting á einkaheimili.	0	0	0
Gistiheimili.	0	0	0
Kaffishús.	0	0	0
Veitingahús.	1	2	+ 1
Skemmtistaðir.	0	0	0
Veisluþjónusta, veitingaverslun.	0	0	0
Einkasalur, félagsheimili.	0	0	0
Útgefin iðju- og iðnaðarleyfi.	0	0	0
Útgefin verslunarleyfi.	0	0	0
Útgefin meistarábréf.	3	1	- 2
Útgefin sveinsbréf.	0	0	0
Leyfi fyrir aksturskeppni.	0	0	0
Skemmtanaleyfi, ársleyfi.	3	2	- 1
Útgefin sprengileyfi.	1	1	0
Leyfi til sinubruna.	0	0	0
Friðlýsing æðarvarps.	0	0	0

Atvinnuskírteini:

Ár.	2003	2004	Mism.
Skipstjórnarréttindi.	17	24	+ 7
Vélstjórnarréttindi.	16	31	+ 15

G. TOLLAMÁL.

Afgreiðslur:

Ár.	2003	2004	Mism.
Tollafgreiðslur.	215	172	- 43
Skipaafgreiðslur.	23	33	+ 10
Lögskráningar.	1166	Ca 1400	Xx

Tollafgreiðslum hefur fækkað jafnt og þétt frá árinu 2001 þar sem þá var tekin upp svokölluð SMT tækni sem gerir ráð fyrir aukningu í sjálfvirkri tollafgreiðslu miðlara en á móti kemur endurskoðunarþáttur tollstjóra sem er í þróun. Skýrslur sem stöðvast í kerfinu þarf eftir sem áður að afgreiða handvirkt. Fyrst eftir að nýtt kerfi var tekið upp stöðvuðust allmargar skýrslur en eftir því sem tollmiðlarar hafa náð betri tókum á kerfinu hefur þeim skýrslum fækkað jafnt og þétt. Vinna við endurskoðunarþáttinn hefur aukist og endurkröfum fjölgað. Skipakomur erlendis frá fjölgaði á árunum 2003 og 2004 miðað við fækkanir árin á undan. Skipkomurnar tengjast fyrst og fremst flutningum á hráefni í Sementsverksmiðjuna og flutningar á lýsi og mjóli frá fiskvinnslufyrirtækjunum. Fjölgunin nú kann að einhverju leyti að skýrast af breyttu hlutverki Sementsverksmiðjunnar við breytingu á eignaraðild hennar. Vandkvæðum er bundið að telja lögskráningar í nýlegu tölvukerfi og er því fjöldinn metinn út frá skriflegum beiðnum um lögskráningu.

H. LÖGREGLU- OG ÁKÆRUVALDSMÁLEFNI.

Ákærvald lögreglustjóra er trúlega sá málaflökkur sem mestum breytingum hefur tekið undanfarin ár og mest hefur vaxið að umfangi hjá embættum sýslumanna. Einnig hefur úrvinnsla upplýsinga um verkefni lögreglu og brot sem þar eru til afgreiðslu orðið auðveldari með færslu dagbókar og málaskrár lögreglu í tölvu. Það ætti að leiða til þess að stjórnun í lögreglu yrði markvissari. Að þessu samanlögðu má segja að mesta breyting á starfi sýslumanna hin síðari ár hafi orðið í lögreglu- og ákærvaldsmálum.

A. Lögregluskýrslur.

Ár.	2003	2004	Mism.
Fjöldi brota og verkefna skráðra í málaskrá.	1726	1729	+ 3

Hér er átt við öll skráð brot og verkefni í málum en ekki bara fjöldi mála. Á milli áruna 2002 og 2003 jókst fjöldi skráðra brota og verkefna í málaskrá en á milli áruna 2003 og 2004 stendur fjöldinn í stað. Sú aukning sem varð gengur þar af leiðandi ekki til baka sem bendir til þess að frumkvæðisvinna lögreglumanna hefur haldið sér.

B. Sektarboð og sektargerðir.

Ár.	2003	2004	Mism.
Fjöldi sektarboða.	944	845	- 99
Árituð sektarboð.	104	149	+ 45
Fjöldi sektargerða.	59	39	- 20
Alls:	1107	1033	-74

Fjölgun var á útgefnum sektarboðum á árinu 2003 miðað við árið á undan sem benti til þeirrar áherslu sem lögð var á umferðarlöggæslu. Fjöldi sektarboða lækkar á milli árunna 2003 og 2004 sem bendir til þess að annaðhvort hafi úthald lögreglu í löggæslu minnkað á árinu eða að árangur af aukinni löggæslu leiði til þess að brotum hafi fækkað. Sé horft til vinnustunda lögreglu og bifreiðanotkun hefur úthaldið síst minnkað.

C. Ákærum.

1. Ákærum.

Ár.	2003	2004	Mism.
Hegningarlagabrot.	12	6	- 6
Sérrefsilagabrot.	23	31	+ 8
Alls.	35	37	+ 2

Fjöldi útgefna ákæruskjala stendur nokkurn veginn í stað á milli ára. Ákærum þar sem ákært er fyrir brot á hegningarlögum fækkar á milli ára og er skýringuna helst að finna í fækkun líkamsárásabrota á milli ára. Fjölgun er á ákærum á sviði sérrefsilaga en þar er helst um að ræða brot á umferðarlögum og fíkniefnalöggjöfni. Ávallt er ákært þegar ölvunarakstur er ítrekaður og þegar magn áfengis í blóði ökumanns mælist umfram 1,5 prómill í samræmi við fyrirmæli ríkissaksóknara. Lögð er á það áhersla að útgáfa ákæru dragist ekki eftir að lögreglan hefur lokið rannsókn máls.

D.

Yfirlit yfir helstu brotaflokkum og samanburður á fjölda brota milli árunna 2002 – 2003.

Ár.	2003	2004	Mism.
Rangar sakagiftir.	0	1	+ 1
Alls:	0	1	+ 1

Kærð var nauðgun sem reyndist ekki vera fótur fyrir. Þær sem í hlut áttu hlutu þunga refsingu fyrir hina tilhæfulausu kærðu enda málið alvarlegt þar sem hinar röngu sakagiftir lutu að broti sem varðar við langa fangelsisrefsingu.

1. Brot gegn valdstjórninni.

Ár.	2003	2004	Mism.
Ofbeldi gagnvart opinberum starfsmönnum.	0	0	0
Lögreglumenn, ofbeldi gagnvart lögreglumönnum.	0	0	0
Alls:	0	0	0

Undir þennan lið falla brot gagnvart lögreglumönnum og öðrum opinberum starfsmönnum. Ekkert brot gagnvart valdstjórninni var skráð á árunum 2003 og 2004 sem verður að teljast sérlega góð staða í þeim málaflokki.

2. Skjalafals og fl.

Ár.	2003	2004	Mism.
Fölsun – Skjalafals.	3	0	- 3
Skjöl, misnotkun skjala	0	6	+ 6
Alls:	3	6	+ 3

Fjölgun á málum er varða misnotkun skjala varða flest framvísun ungmenna á fölsuðum eða röngum skilríkjum við inngöngu í veitingarhús þar sem aldurstakmark er átján ára aldur. Gerð var gangskör að því að herða eftirlit í þessum málum sökum þess hversu margt ungmenna undir aldri reyndust vera inni á veitingastöðunum.

3. Kynferðisbrot.

Ár.	2003	2004	Mism.
Nauðgun	0	1	+ 1
Önnur kynferðisbrot.	4	2	- 2
Alls:	4	3	- 1

Endurrita texta.

Á árinu 2002 varð veruleg fjölgun kynferðisbrota miðað við árin á undan. Eitt mál var sérstakt fyrir þær sakir að um var að ræða mörg brot sama aðila sem skekkti tölfræðina verulega. Þau mál er varða kynferðisbrot gagnvart börnum eru sett fremst í forgang og reynt með því eftir megni að stemma stigum við þess háttar brotastarfsemi. Fjölgun þessara mála var mikið áhyggjuefni í árslok 2002 enda brotastarfsemi af þessu tagi bæði auðleynd og mjög skaðleg þeim sem fyrir verður. Málin voru rannsökuð og sættu ákæru og þess gætt að framganga þeirra dróst ekki úr hófi. Á árinu 2003 fækkaði kynferðisbrotum og síðan aftur á árinu 2004. Er það von embættisins að þau verði sem fæst í framtíðinni enda skaðsemi þeirra brota yfir allan vafa hafinn.

4. Manndráp og líkamsmeiðingar.

Ár.	2003	2004	Mism.
Manndráp af gáleysi.	0	0	0
Líkamsárás, 217. gr. hgl.	13	5	-8
Líkamsárás, 1. og 2. mgr . 218. gr. hgl.	7	2	- 5
Alls.	20	7	- 13

Á árinu 2002 voru líkamsárásabrot alls 22 en fækkaði niður í 20 á árinu 2003. Á árinu 2004 fækkaði þeim verulega eða niður í alls 7. Gangskör var gerð að því að reka líkamsárásarmál hratt í gegnum bæði rannsóknir hjá lögreglu og fyrir dómi og sýna tölurnar svo ekki verði um villst að það beri árangur. Hugarfarsbreyting hefur vonandi einnig átt þátt í fækkun líkamsárása.

5. Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs.

Ár.	2003	2003	Mism.
Húsbrot	3	2	- 1
Hótanir	3	5	+ 2
Friðhelgi	1	0	- 1
Ærumeiðingar	0	0	0

Alls.	7	7	- 1
-------	---	---	-----

Athygli vakti á árinu 2002 hversu hótunum hafði fjölgað. Þeim fækkar síðan aftur á árinu 2003 þannig að ekki virðist hafa orðið af stigmögnun í þessum brotum eins og ýjað var að í ársskýrslunni 2002. Engu að síður er talið brýnt að taka á þeim málum sem upp koma af þessum toga svo og að svokölluð handrukkun nái ekki að hreiðra um sig í umdæminu.

6. Auðgunarbrot.

Ár.	2003	2004	Mism.
Innbrot.	16	16	0
Þjófnaður.	76	78	+ 2
Hilming.	0	1	+ 1
Fjárdráttur	0	0	0
Fjársvik	2	0	- 2
Ólögmat meðferð fundins fjár	1	1	0
Auðgunarbrot ýmislegt	0	0	0
Alls:	95	96	+ 1

Ekki hefur orðið merkjanleg breyting á auðgunarbrotum á síðasta ári þannig að af því verði dregnar verulegar ályktanir. Flestir skráðir þjófnaðir varða tilkynningar á stolnum reiðhjólum og farsímum. Í sumum tilvikum má leiða að því líkum að um sé að ræða týnt lausafé frekar en þjófnað og stendur til á árinu 2005 að taka til endurskoðunar skráningu þessara mála.

7. Ýmis brot er varða fjárréttindi.

Ár.	2003.	2004	Mism.
Eignarspjöll (minniháttar).	52	44	- 8
Eignarspjöll (meiriháttar).	1	2	+ 1
Nytjastuldur vélknúinna farartækja.	1	1	0
Nytjastuldur, annað.	0	1	+ 1
Alls:	54	48	- 6

Eignarspjöllum fjölgaði á milli árunna 2001 og 2002 eftir fækkun á milli árunna 2000 og 2001. Eignarspjöll koma upp á tímabilum og gjarnan um að ræða stigmögnun þessara brota. Sú stefna var tekin upp á árinu 2003 að ganga þyrfti harðar fram í að upplýsa þessi mál til þess að stemma við brotastarfsemi af þessu tagi. Á árinu 2003 fækkar brotum síðan aftur um 21 miðað við árið á undan og enn fækkar eignarspjöllum á milli árunna 2003 og 2004 sem sýnir að árangur hafi náðst við að stemma stigum við þessari brotastarfsemi.

8. Ýmsi brot.

Ár.	2003	2004	Mism.
Tollalagabrot.		1	
Vernd barna og ungmenna.		2	
Vopnalög.		4	
Dýr, lög um dýravernd		1	
Lög um eftirlit með skipum.		1	
Alls:		9	

Tollfræði yfir þessi mál er nú sett fram í fyrsta sinn í ársskýrslu og því ekki borin saman við gildi árána 2003.

8. Fíkniefnabrot.

Ár.	2003	2004	Mism.
Fíkniefni, dreifing, sala.	2	0	- 2
Fíkniefni, innflutningur.	0	0	0
Fíkniefni, varsla, neysla.	22	14	- 8
Fíkniefni, framleiðsla.	0	1	+ 1
Ýmis fíkniefnabrot.	3	0	- 3
Alls:	27	15	- 12

Átak var gert í fíkniefnamálum í umdæminu á árinu 2003 og hafði ekki áður verið haldlagt svo mikið af fíkniefnum á ári. Á milli 400-500 e-töflur voru haldlagðar og nokkuð af hassi og amfetamíni. Með hliðsjón af fjölda mála og haldlögðum eignum mátti ætla að við allstórt fíkniefnavandamál er að etja í umdæminu eins og tíundað var í ársskýrslu fyrir árið 2003. Á árinu 2004 fækkar síðan fíkniefnamálum verulega sem bendir til þess að þeim sem fremja fíkniefnabrot í umdæminu hafi verið gert óhægt um vik eða þeir fært sig til. Lögreglan hefur merkt breytingu hjá þeim sem afla efnanna og stórum fíkniefnasölum var ekki fyrir að fara í umdæminu á árinu 2004.

9. Brot á áfengislöggjöfni.

Ár.	2003	2004	Mism.
Áfengislög, ólöglegur tilbúningur áfengis.	0	0	0
Ólögleg sala áfengis.	1	0	- 1
Ölvun á almannafæri.	14	14	0
Ýmis áfengislagabrot.	1	2	+ 1
Alls.	16	16	0

Á árinu 2002 var ákveðið að taka fastar á ölvun og óspektum á almannafæri sem endurspegladist í fjölgun þeirra brota um meira en helming. Sektað var fyrir brotin með sektargerð og stóðu vonir til þess að ölvun á almannafæri minnkaði við átak í þessum eignum. Málum fækkar síðan aftur á árinu 2003 sem gefur til kynna að ástandið hafi lagast. Fjöldi mála á árinu 2004 er svipaður og árið 2003 þannig að haldið er í horfinu.

10. Umferðarlagabrot.

Ár.	2003	2003	Mism.
Of hraður akstur.	493	327	- 166
Akstur gegn rauðu ljósi.	18	14	- 4
Stöðvunarskylda ekki virt	1	7	+ 6
Ölvun við akstur.	27	32	+ 5
Önnur umferðarlagabrot ótalin.	664	792	+ 128
Alls.	1203	1172	- 31

Umferðarlagabrotum fækkaði nokkuð á milli árána 2003 og 2004 eftir samfellda fjölgun árána á undan. Hert eftirlit hefur leitt til fækkunar brota en þess ber að geta að ekki liggja í gegnum umdæmið stórar umferðaræðar sem gefa af sér fastan fjölda mála. Fyrir vikið sveiflast fjöldi mála allnokkuð á milli ára sem skýrist meðal annars af þátttöku liðsins í samstarfi um umferðareftirlit í landsfjórðunginum.

XIII. LOKAORÐ.

Ársskýrsla þessi er fjórða ársskýrslan sem gerð er við embætti sýslumannsins á Akranesi. Í henni hefur verið reynt að draga fram upplýsingar um starfsemi embættisins og setja þær fram með skýrum hætti og eru ársskýrslurnar frá árunum 2001 til 2003 notaðar sem fyrirmyndir. Ársskýrslan er jafnframt hluti af ferli sem hófst við undirritun árangursstjórnunarsamnings 23. mars 1999 og hafði í för með sér innleiðingu árangursstjórnunar í starfshætti embættisins. Árangursstjórnunarferlið er hægt og sígandi að festa sig í sessi og ekki hvað síst sú hugsun að embættið setji sér mælanleg markmið. Árangursstjórnun sem stjórnþæki verður notað áfram og tekur breytingum í tímans rás.

Embættið hefur sett sér markmið sem það hefur metnað til að standa við. Ljóst er við yfirllestur skýrslunnar að mörg markmiðanna hafa náðst sem hefur haft jákvæðar afleiðingar fyrir borgarana, ríkið og embættið sjálft. Jafnframt er skýrslan hvatning til þess að gera betur, bæta sig til að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst og setja sér ný og metnaðarfull markmið í framtíðinni. Við gerð langtímaáætlunar til næstu ára verða þær hugmyndir hafðar að leiðarljósi.

Samkvæmt árangursstjórnunarsamningi er þess vænst að ársskýrsla embættisins liggi fyrir í febrúar árið á eftir. Þær tölulegu upplýsingar sem höfundur skýrslunnar þurfti voru eigi fyrirbyggjandi fyrr en í upphafi sumars. Ljóst er þó að not af ársskýrslu eru takmörkuð komi hún ekki fram í upphafi nýs árs og verður því leitað leiða við næstu ársskýrslugerð til þess að útvega tölfræðilegar upplýsingar fyrr.

Akranes 9. ágúst 2005
Sýslumaðurinn á Akranesi,

Ólafur Þ. Hauksson.